



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 17. APRÍL 2009

MIKILVÆGUSTU KOSNINGAMÁLIN

... á þeim tíu vikum sem liðnar eru frá því að ný stjórn tók við völdum hefur lítið miðað í úrlausn erfiðra skammtíamavandamála ...

Fáeinir dagar eru til kosninga og lýkur þá störfum 80 daga stjórnarinnar, a.m.k. þar til niðurstaða kosninga liggur fyrir. Á þeim tíu vikum sem liðnar eru frá því að ný stjórn tók við völdum hefur lítið miðað í úrlausn erfiðra skammtíamavandamála. Vextir eru enn í hæstu hæðum, gjaldeyrishöft hafa verið þrengd frekar, atvinnuleysi hefur haldið áfram að vaxa, fáar markvissar lausnir eru í farvatninu hvað varðar skuldavanda heimila og fyrirtækja, gjaldþrotum fjölga hratt og bankakerfið er enn illa starfhæft. Það virðist því litluhafa breytt um framgang mikilvægramála að skipthafi verið um ríkisstjórn.

... tími og orka Alþingis hefur þess í stað farið í þref og deilur um pólitíska hugmyndafræði ...

Það sem vekur enn frekari áhyggjur er það viðhorf sem stjórnámálamenn úr öllum flokkum virðast hafa gagnvart vandanum. Í stað þess að einbeita sér í sameiningu að brýnum málum er varða hagsmuni heimila og fyrirtækja hefur tími og orka Alþingis þess í stað farið í þref og deilur um pólitíska hugmyndafræði. Auk þess vantar mikið upp á að stjórnámálamenn landsins hafi mótað skýra og trúverðuga framtíðarsýn í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með þessu er Alþingi og raunar flestir stjórnámálamenn landsins að sýna öllum þeim sem standa frammi fyrir gjaldþroti, atvinnuleysi eða öðrum erfiðleikum vegna stöðu hagkerfisins skeytingarleysi og vanvirðingu. Á tímum eins og þeim sem nú ganga yfir er ekki ósanngjarnt að krefjast þess að stjórnámálamenn einbeiti sér að því að greiða úr þeim aðkallandi vanda sem heimili og fyrirtæki standa frammi fyrir og leggja samhliða grunn að endurreisn hagkerfisins.

... tilgangurinn er einkum sá að hvetja stjórnámálamenn til að veita svör við þeim spurningum sem þeir eiga eftir að svara ...

Í samantekt þessari er að finna umfjöllun um þau kosningamál sem Viðskiptaráð telur skipta mestu máli fyrir efnahagslega velferð þjóðarinnar til skemmri og lengri tíma en hafa því miður ekki hlotið viðunandi umfjöllun í aðdraganda kosninga. Umrædd mál eru peningamálin, utanríkismálin og Evrópusambandið, fjármál hins opinbera og hlutverk hins opinbera í atvinnulífinu. Viðskiptaráð hefur áður fjallað um nauðsynlegar áherslur í öllum ofangreindum efnisflokkum og verður afstaða ráðsins dregin fram hér. Auk þess verður fjallað stuttlega um stefnu stjórnámálaflokkanna í þessum málaflokkum, að svo miklu leyti sem hún liggur fyrir. Hér er tilgangurinn einkum sá að hvetja stjórnámálamenn til að veita svör við þeim spurningum sem þeir eiga eftir að svara. Vonir Viðskiptaráðs standa til þess að yfirlit þetta reynist lóð á vogaskálar uppbyggilegrar og markvissrar umræðu um stefnu stjórnámálaflokkanna á þeim örfáu dögum sem eru til stefnu fyrir kosningar þann 25. apríl næstkomandi.

... fullyrðingar ýmissa stjórnámálanna um að staða peningamála sé ekki bráðavandi hljóma í hæsta máta undarlega ...

... Hafi stjórnálflokkar upptöku annars gjaldmiðils á dagskrá sinni þá er mikilvægt að skýra með hvaða hætti þau skipti eigi að fara fram ...

... aðeins einn flokkur hefur lagt til lengri tíma úrræði í peningamálum ...

STEFNAN Í PENINGAMÁLUM

Eitt brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar er framtíðarstefnan í peningamálum enda ræður þróun gengis krónunnar mestu um skuldastöðu heimila og fyrirtækja, vaxtastig í hagkerfinu og verðbólguhorfur á næstu misserum. Að sama skapi er stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði forsenda þess að stjórnvöld afnemi höft á fjármagnsflutningum, en þau hafa reynst hagkerfinu dýrkeypt á ýmsan máta. Með þetta í huga hljóma því fullyrðingar ýmissa stjórnámálanna um að staða peningamála sé ekki bráðavandi í hæsta máta undarlega.

Núverandi ástand er óásættanleg og hvorki ljóst hvaða leiðum núverandi stjórnvöld, né aðrir flokkar, hyggjast beita til að ná tökum á vandanum. Hafi stjórnálflokkar á stefnuskrá sinni að krónan verði gjaldmiðil Íslendinga á komandi árum þarf að greina frá því með ítarlegum hætti hvernig þeir hyggjast leysa núverandi stöðu. Í því felst að útlistað verði hvernig sköpuð verði skilyrði til afnáms hafta, lækkunar vaxta, uppbyggingar á skilvirkum gjaldeyrismarkaði og auknum trúverðugleika íslensku krónunnar til lengri tíma. Þessir hlutir gerast ekki af sjálfu sér líkt og síðustu tvær ríkisstjórnir virðast hafa gert ráð fyrir. Hafi stjórnálflokkar upptöku annars gjaldmiðils á dagskrá sinni þá er mikilvægt að skýra með hvaða hætti þau skipti eigi að fara fram og hvernig peningamálum verði háttað fram að þeim tíma.

Að mati Viðskiptaráðs eykur óbreytt fyrirkomulag í gjaldeyris- og peningamálum þjóðarinnar líkur á stöðnun og efnahagslegri einangrun Íslands til lengri tíma. Þess vegna er vart hægt að líta framhjá því að upptaka annarrar myntar hér á landi, í fullri sátt og samráði við alþjóðasamfélagið, gæti orðið verulega til bóta fyrir innlendan efnahag, jafnt til skemmri og lengri tíma. Í raun stendur valið ekki lengur á milli áframhaldandi sjálfstæðrar peningastefnu og upptöku annarrar myntar, heldur má færa gild rök fyrir því að valið standi einfaldlega á milli upptöku annarrar myntar eða framhaldi á núverandi stöðu. Í þessu sambandi hefur ráðið áður bent á að heppilegast væri að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi með formlegri aðild að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu.

Aðeins einn flokkur hefur lagt til lengri tíma úrræði í peningamálum, en Samfylkingin vill ganga í ESB og taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi með formlegri aðild að Myntbandalagi Evrópu. Engu að síður hefur flokkurinn ekki fjallað um með hvaða hætti peningastefnunni skuli háttað í millitíðinni og ekki lagt til aðgerðir sem gætu stuðlað að afnámi hafta á gjaldeyrismarkaði til skemmri tíma.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki lagt fram neina áætlun um framtíðarfyrirkomulag peningamála á Íslandi, en svo virðist sem flokkurinn vilji halda krónunni um sinn án þess að útfæra það fyrirkomulag nánar. Mjög óljóst er hvort Vinstri grænir sjá fyrir sér myntsamstarf við aðra þjóð eða hvort flokkurinn hyggst halda krónunni. Framsóknarflokkurinn vill ganga í ESB en í ályktun flokksins um Evrópumál er hvorki minnst á evruna né önnur úrræði í peningamálum. Loks virðist Frjálslyndi flokkurinn vilja halda krónunni án þess að trúverðug heildarstefna liggja að baki þeirri skoðun.

Könnun á afstöðu stjórnmalaflokkanna til peningamála leiðir í ljós þá óþægilegu staðreynd að nær algjört stefnuleysi ríkir í þessum mikilvæga málaflokki og má það heita fjarstæðukennt að enginn þeirra skuli hafa ályktað sérstaklega um peningamálin á landsfundi. Svo virðist sem stjórnmalaflokkarnir reyni hvað þeir geta að forðast umræðu um peningamálin í aðdraganda kosninga enda myndi slík umræða afhjúpa stefnuleysi þeirra og skort á raunverulegaum lausnum.

UTANRÍKIS- OG EVRÓPUMÁL

Framundan eru mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðarnir í utanríkismálum sem koma til með að hafa varanleg áhrif á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu, einkum á vettvangi á alþjóðalegra viðskipta. Hér ber helst að nefna ákvarðanir á sviði Evrópumála, en Íslendingar standa frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort sækja beri um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Hér er um mikilvægan málaflokk að ræða sem mun hafa mótandi áhrif á efnahagslega framtíð landsins. Það er því miður hvað lítið hefur farið fyrir umræðu um alþjóðamál, einkum og sér í lagi ESB, undanfarna daga og vikur. Að vísu hafa stjórnmalaflokkarnir allir ályktað um Evrópumál og ESB en engu að síður er stefna þeirra og pólitísk sannfæring í þessum málaflokki ekki alltaf skýr.

... hér er um mikilvægan málaflokk að ræða sem mun hafa mótandi áhrif á framtíð landsins ...

Viðskiptaráð telur vart hægt að líta fram há þeirri staðreynd að raunverulegir efnahagslegir kostir fylgi aðild að ESB og Myntbandalagi Evrópu en að þeir kostir verði ekki skoðaðir til hlítar nema með aðildarumsókn. Ráðið er því þeirrar skoðunar að þegar í stað skuli skilgreina samningsmarkmið og að sækja skuli um aðild að ESB í kjölfarið. Þannig verða kostir aðildar kannaðir um leið og sérstökum íslenskum hagsmunum, einkum þeim sem lúta að nýtingu og stjórn auðlinda, verður haldið til haga. Í kjölfarið er hægt að taka afstöðu til aðildarsamnings þegar hann liggur fyrir. Þá er ekki hægt að líta framhjá þeirri að staðreynd að Íslendingar hafa einangrast á vettvangi alþjóðlegra stjórnmála frá því að kreppan skall á en líklegt má telja að með aðild að ESB myndi Ísland styrkja stjórnmalalegt samband sitt við alþjóðasamfélagið og eignast nýja bandamenn.

... Íslendingar hafa einangrast á vettvangi alþjóðlegra stjórnmála ...

Að auki hefur Viðskiptaráð ætíð talað fyrir mikilvægi alþjóðlegs samstarfs, einkum á vettvangi alþjóðlegra viðskipta. Óþið hagkerfi, þar sem viðskipti við umheiminn eru frjáls, er leiðin fram á við og það fyrirkomulag mun skjóta mikilvægum stoðum undir varanlegan vöxt hagkerfisins, þjóðinni allri til bóta. Þá má ekki gleyma þeirri staðreynd að opnun hagkerfisins og alþjóðavæðing viðskiptalífsins er það sem hefur komið Íslandi í hóp ríkustu þjóða heims á síðustu tveimur áratugum. Það væru því mikil mistök að snúa af þessari braut og taka upp einangrunarstefnu í þeirri trú að slíkt gæti forðað þjóðinni undan efnahagslegum áföllum á borð við þau sem nú er við að etja.

... opnun hagkerfisins og alþjóðavæðing viðskiptalífsins hefur komið Íslandi í hóp ríkustu þjóða heims ...

Stjórnmalaflokkarnir eru í grófum dráttum samstíga í afstöðu sinni til alþjóðlegs samstarfs og alþjóðlegra viðskipta og styðja allir hugmyndir um opið hagkerfi, þótt vissulega sé einhver áherslumunur á afstöðu þeirra. Aftur á móti ber þeim ekki saman í afstöðu sinni til Evrópumála. Þannig hefur Samfylkingin tekið ótvíræða afstöðu með ESB á meðan Sjálfstæðismenn telja hagsmunum þjóðarinnar betur borgið utan ESB að svo stöddu þótt. Á stefnuskrá Vinstri grænna er aðild að ESB hafnað en í ályktun frá landsfundi er aðild ekki útlokuð og því er ekki ljóst með hvaða hætti flokkurinn mun beita sér í þessum málaflokki á næsta kjörtímabili. Framsóknarmenn hafa

lýst yfir vilja til að sækja um aðild að ESB en þó að uppfylltum víðtækum og ströngum skilyrðum, raunar svo ströngum að það vekur upp spurningar um hvort það sé vilji flokksins að ganga í ESB. Þá er Frjálslyndi flokkurinn andvígur aðild.

FJÁRMÁL HINS OPINBERA

Öllum er ljóst að á næstu misserum mun hið opinbera þurfa að gæta mikils aðhalds í útgjöldum rétt eins og almenningur, enda stefnir í umtalsverðan fjárlagahalli á þessu ári og því næsta. Er það raunar í samræmi við áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en þar er gert ráð fyrir halla á rekstri ríkissjóðs á næstu misserum. Framundan blasa því við vandasamar og sársaukafullar ákvarðanir í fjármálum hins opinbera - ákvarðanir um hvar og hversu mikið verður skorið niður og hvernig skattheimtu skuli háttað í náinni framtíð. Það er því brýnt að stjórnmalaflokkarnir leggi fram og kynni raunhæfar áætlanir um ríkisfjármálin. Ekki er nóg að fjalla um stóru myndina líkt og flokkarnir hafa gert hingað til heldur þarf að greina kjósendum nákvæmlega frá því í hvaða málaflokkum verður helst skorið niður og í gegnum hvaða skattstofna stjórnvöld stefni á að auka tekjur ríkisins og með hvaða hætti.

... framundan blasa því við vandasamar og sársaukafullar ákvarðanir í fjármálum hins opinbera ...

Viðskiptaráð hefur margsinnis fjallað um fjármál hins opinbera og þá stefnu sem æskilegt væri að hafa að leiðarljósi í þeim málaflokki á næstu misserum. Af þeim tveimur leiðum sem standa stjórnvöldum til boða til að mæta fjárhagsþrengingum næstu missera, hækka skatta eða draga úr útgjöldum, telur Viðskiptaráð mjög mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á seinni leiðina. Ástæðan er einkum sú að fjárhagsstaða einstaklinga og heimila er nú þegar þannig að ekki er á bætandi með hækkun skatta. Að auki er umtalsvert svigrúm til hagræðingar í rekstri hins opinbera þar sem útgjöld þess hafa vaxið mikið á undanfórnum árum. Minni umsvif hins opinbera myndu einnig draga úr fjárþörf þess og skapa mikilvægt athafnarými fyrir einkaaðila.

... fjárhagsstaða einstaklinga og heimila er nú þegar þannig að ekki er á bætandi með hækkun skatta ...

Auk þess er alls ekki fyrirséð hver áhrif skattahækkana yrðu við þær viðkvæmu aðstæður sem ríkja í efnahagslífinu. Hætt er við að skattahækkarnir leiði til enn frekari samdráttar sem myndi þrengja skattstofna og mögulega draga úr heildarskatttekjum á endanum. Áhrif skattahækkana gætu því allt eins orðið þveröfug við það sem lagt er upp með, en hagrannsóknir benda til þess að skattahækkarnir í efnahagskreppum leiði gjarnan til tekjusamdráttar fyrir hið opinbera.

... því miður eiga flokkarnir það einnig sameiginlegt að búa ekki yfir neinni raunhæfri og áþreifanlegri áætlun um hvar og hvernig verður skorið niður ...

Stjórnmalaflokkarnir eru á einu máli um nauðsyn þess að ráðast í víðtækan niðurskurð í rekstri hins opinbera og gildir þar einu hvaða stjórnmalalegu hugmyndafræði þeir aðhyllast. Því miður eiga flokkarnir það einnig sameiginlegt að búa ekki yfir neinni raunhæfri og áþreifanlegri áætlun um hvar og hvernig verður skorið niður. Yfirlýsingar um að standa þurfi vörð um hina og þessa málaflokka gilda litlu ef þær grundvallast ekki á beinu mati og skýrum áætlunum.

Aftur á móti ber flokkunum ekki saman um með hvaða hætti skattheimtu skuli háttað á næstu misserum; sumir álita skattahækkarnir óumflýjanlegar á meðan aðrir telja óráð að hækka skatta við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu. Samfylking hefur lítið gefið upp um hvaða skattstofna flokkurinn hyggist breikka og með hvaða hætti. Það er því með öllu óljóst hvernig flokkurinn stefni að því að standa við sett skilyrði AGS. Vinstri grænir

... tekjur af slíkum skattahækkunum eru afar takmarkaðar og því ljóst að flokkurinn þarf að horfa til fleiri leiða ...

hafa einir flokka sett fram skilgreindar hugmyndir um skattahækkunir. Þannig hafa þeir lagt fram tillögur um eignaskatt, hækkun á fjármagnstekjuskatti og fjölgun skattþrepa, þ.e. hátekjuskatt. Viðbótartekjur af slíkum skattahækkunum eru afar takmarkaðar og því ljóst að flokkurinn þarf að horfa til fleiri leiða. Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið skýra afstöðu gegn frekari skattahækkunum við núverandi aðstæður, hvort sem um ræðir skattlagningu launa, fjármagns eða eigna. Auk þess hafnar Sjálfstæðisflokkurinn hugmyndum um hátekjuskatt. Þá hefur Framsóknarflokkurinn boðað hærri skattbyrði á næstu misserum án þess að útfæra það nánar. Frjálsyndir leggja áherslu á að standa vörð um ráðstöfunartekjur láglaunafólks, aldraðra og öryrkja án þess að útlista hvað sú yfirlýsing felur í sér. Að öðru leyti virðist flokkurinn ekki hafa mótað stefnu í skattamálum.

VERKASKIPTING RÍKIS OG EINKAÆÐILA

Líkt og í öllum þróuðum lýðræðisríkjum eru hugmyndir íslenskra stjórnámálaflokka um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila mismunandi. Sumir flokkar vilja standa vörð um einkaframtakið og athafnafrelsi og eftirláta hinu opinbera hlutverk eftirlitsaðila á meðan aðrir aðhyllast þá hugmyndafræði að ríkið eigi að gegna lykilhlutverki í uppbyggingu og starfsemi atvinnulífsins, jafnvel með beinum hætti. Flestir vilja fara einskona milliveg.

... kosningabaráttu sumra stjórnámálanna virðist ganga út á það eitt að kynda undir þess háttar skoðanamyndum ...

Ekki þarf að koma á óvart að einhverjum kunni að snúast hugur um ágæti einkaframtaksins og hins frjálsa markaðar á tímum sem þessum. Raunar virðist kosningabaráttu sumra stjórnámálanna ganga út á það eitt að kynda undir þess háttar skoðanamyndum með þrálátu tali um hugmyndafræðilegt gjaldprot markaðshyggjunnar eða auðhyggjunnar, eins og það er gjarnan orðað. Slíkt tal er í senn óábyrgt og lítilsvirðandi gagnvart þeim þróttmiklu einstaklingum sem staðið hafa fyrir verðmætasköpun og atvinnu í íslensku efnahagslífi í áraraðir.

... Fjármögnun opinberrar þjónustu og velferðarkerfisins fer fram í gegnum skattkerfið ...

Frá upphafi hefur Viðskiptaráð Íslands barist fyrir því að kraftar einkaframtaksins fái notið sín til fulls. Ástæðan er einföld: einkageirinn er sá hluti atvinnulífsins þar sem verðmætasköpun og framleiðni er mest. Einkaframtakið kemur því til með að gegna lykilhlutverki í því endurreisnarstarfi sem framundan er. Auk þess hefur sagan margsinnis sýnt miðstýring og ríkisbúskapur eru ekki góð uppskrift að hagvexti og bættum lífskjörum. Fjármögnun opinberrar þjónustu og velferðarkerfisins fer fram í gegnum skattkerfið, en skattkerfið er fjármagnað í gegnum umsvif heimila og fyrirtækja. Ætli stjórnvöld sér að fjármagna opinbera þjónustu er því mikilvægt að efla atvinnulíf til að heimili og fyrirtæki geti skilað viðunandi skatttekjum í ríkiskassann. Með það í huga er óhætt að segja að án öflugs einkareksturs sé afar erfitt að halda uppi velferð til lengri tíma. Því er brýnt að áfram verði staðinn vörður um athafnafrelsi og einkarekstur í framtíðinni.

Ennfremur mega fyrirtæki í einkaeigu sín lítils gagnvart fjárhagslegu bolmagni hins opinbera. Það er grundvallaratriði að hið opinbera taki ekki þátt í samkeppni við einkaaðila. Hlutverk ríkisins er að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi, þar sem samkeppni og markaðslögmál fá þrífist, án óþarfa inngripa eða röskunar af hálfu hins opinbera.

... málflutningur Vinstri grænna ber með sér að flokkurinn drag gildi einkaframtaksins og athafnafrelsisins í efa ...

... Það væri heppilegt að allir flokkar skilgreini hvar þátttaka einkaaðila verði talin æskileg á komandi árum ...

... Stjórnmaflokkar eiga að treysta á skynsemi kjósenda fremur en að spila á tilfinningar þeirra með lýðskrum og neikvæðni ...

Ljóst er að hér landi eru skiptar skoðanir meðal stjórnmáflokka um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila. Þannig eru bæði Samfylkingin og Vinstri grænir í grófum dráttum fylgjandi því að hið opinbera taki virkari þátt í viðskipta- og atvinnulífínu en verið hefur á undanförunum árum, jafnvel með beinum hætti í gegnum ríkisrekstur fyrirtækja. Hugmyndir Vinstri grænna ganga þó lengra en Samfylkingarinnar, einkum hvað varðar eignarhald á fyrirtækjum. Auk þess ber málflutningur Vinstri grænna það með sér að flokkurinn drag gildi einkaframtaksins og athafnafrelsisins í efa, en flokksmenn hafa mikið fjallað um hugmyndafræðilegt gjaldþrot markaðs- og auðhyggjunnar, eins og það er gjarnan orðað. Það er því ljóst að Vinstri hreyfingin boðar almennt aukna aðkomu ríkisins að atvinnulífínu, með tilheyrandi skerðingu á athafnafrelsi einkaaðila. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hallast að þeirri stefnu að láta einkaaðila um rekstur fyrirtækja og mótun atvinnulífsins en eftirláta hinu opinbera hlutverk eftirlitsaðila. Framsókn og Frjálslyndir eru í grófum dráttum samhljóma, að undanskildum ákveðnum málaflokkum.

Engin flokkanna fimm hefur þó gefið skýrt til kynna með hvaða hætti þeir hyggjast vinda ofan af núverandi stöðu þar sem stór hluti atvinnulífs er kominn í hendur hins opinbera. Áform núverandi ríkisstjórnar um stofnun miðlægs eignaumsýslufélags ríkisins, sem hefði það hlutverk að yfirtaka rekstur þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja, virðist gefa til kynna áhuga fyrir miklum ítökum stjórnvalda í atvinnulífínu á komandi árum. Það væri heppilegt að allir flokkar skilgreini með skýrum hætti hvar búast megi við að þátttaka einkaaðila verði talin æskileg á komandi árum.

PÖRF Á FRAMTÍÐARSÝN

Um fjöllunin hér að ofan ber með sér að stefna stjórnmáflokka í mikilvægustu málaflokkunum er langt því frá að vera skýr ef hún er á annað borð fyrir hendi. Það er því vel við hæfi að kalla eftir svörum stjórnmálamanna við brýnum spurningum sem eru grunnstoðir þeirrar framtíðarsýnar sem fólk og fyrirtæki í landinu eiga heimtingu á. Viðskiptaráð skorar því á stjórnmáflokka að gera skýra grein fyrir þeirri framtíðarsýn sem þeir hljóta að hafa markað sér. Um leið hvetur Viðskiptaráð bæði stjórnmálamenn og fjölmiðla landsins til þess að færa umræðu um pólitík og efnahagsmál yfir á hærra plan, en undanfarið hefur umræðan einkennst af sérkennilegri forgangsröðun og þrasi um hluti sem ekki hafa brýna þýðingu fyrir það endurreisnarstarfi sem framundan er.

Afar mikilvægt er að þeim örfáu dögum sem eru til stefnu fram að kosningum verði varið í uppbyggilega og markvissa umræðu um þau mál sem mestu skipta fyrir efnahagslega framtíð Íslensku þjóðarinnar. Stjórnmaflokkar eiga ekki að veigra sér við því að gefa upp framtíðaráætlanir sínar og treysta á skynsemi kjósenda fremur en að spila á tilfinningar þeirra með lýðskrum og neikvæðni. Með það í huga hvetur Viðskiptaráð Íslands flokka landsins til að gera sértaklega grein fyrir stefnumörkun sinni í áðurnefndum grundvallarmálum með eins gagnsæjum, málefnalegum og skýrum hætti og frekast er unnt.

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Davíð Steinn Davíðsson hagfræðingur Viðskiptaráðs og Haraldur I. Birgisson lögfræðingur Viðskiptaráðs í síma 510-7100.